Empowering Young Mountain Entrepreneurs PEAK



# Stuðningsefni fyrir kennara og leiðbeinendur ungra frumkvöðla

# Efnisyfirlit

**Efnisyfirlit** ... **2**
**Ný tækifæri fyrir frumkvöðlastarfsemi ungs fólks** ... **1**
**1. Frumkvöðlastarf ungmenna í fjallahéruðum og dreifðum byggðum** ... **4**
ÆSKA ... 4
FRUMKVÖÐULL/FRUMKVÖÐLASTARFSEMI ... 5
Ungir FRUMKVÖÐLAR ... 7
HINDRANIR Í FRUMKVÖÐLASTARFI UNGS FÓLKS ... 8
**2. Af hverju að gerast ungur frumkvöðull í dreifbýli?** ... **12**
HVERS VEGNA? ... 13
**3. Hvati til frumkvöðlastarfs ungmenna í fjallahéruðum og dreifðum byggðum** ... **16**
HINDRANIR FJARLÆGÐAR ... 16
NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLAMENNTUN ... 17
NÁMSEFNIÐ ... 19
**4. Sýnidæmi og frekari stuðningur** ... **29**
Sýnidæmi ... 30
MYNDBANDS SÝNIDÆMI ... 30
NÁMSEFNISPAKKARNIR ... 31
FREKARI STUÐNINGUR ... 32
SKOTLAND ... 32
ÍRLAND ... 34
GRIKKLAND ... 35
ÍSLAND ... 37
ÍTALÍA ... 38
SAMSTARFSAÐILAR VERKEFNISINS ... 39

# Ný tækifæri fyrir frumkvöðlastarfsemi ungs fólks

## SAMHENGI OG YFIRLIT

Um aldir hefur ungt fólk flust frá afskekktum hálendissvæðum Evrópu, ferli sem í kjölfarið leiddi til atgervisflótta og félags- og efnahagslegs óstöðugleika í samfélögum þessara svæða. Fjalllendi nær yfir 41.3% af evrópsku landsvæði og þar búa 25.4% íbúa Evrópu. Milljónir Evrópubúa eru háðir auðlindum fjallahéraðanna (t.d. ferskvatni, orku, steinefnum og skógum) svo þörfin fyrir verndun fjallasvæðanna og sjálfbærri þróun þeirra er sterk.

Fjallahéruð Evrópu og dreifðari byggðir hafa lagt sitt af mörkum til að móta ekki aðeins sögu, samfélag og efnahag Evrópu, heldur einnig loftslag og umhverfi. Nú ógnar fólksfækkun mörgum þessara svæða, ásamt erfiðum aðflutningsleiðum og efnahagslegu og vistfræðilegu varnarleysi þeirra. Því er sérstök ÞÖRF fyrir nýja nálgun varðandi umhverfisvernd, efnahagslega endurnýjun og sjálfbæra þróun fjallasvæðanna.

*PEAK – Ný tækifæri fyrir frumkvöðlastarfsemi ungs fólks* (e. *New Heights for Youth Entrepreneurship*) verkefnið er ný nálgun sem setur ungt fólk í forgrunn ferlisins. Samstarfsaðilar verkefnisins í Skotlandi, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Íslandi og Danmörku hafa sett fram eftirfarandi markmið með PEAK:

- Efla efnahagslega möguleika tengda frumkvöðlastarfsemi ungs fólks og þróa nýja starfsmöguleika (eins og t.d. að bjóða upp á ferðir eða selja virðisaukandi svæðisbundnar vörur).
- Berjast gegn og snúa við fólksfækkun með því að gera það aðlaðandi fyrir ungt fólk til að dvelja áfram, flytja til, eða snúa aftur til fjallasvæða og landsbyggðarinnar og gerast þar frumkvöðlar.
- Efla ungt fólk með frumkvöðlastarfi til taka sér sess og gerast kyndilberar við að setja og innleiða umhverfislega sjálfbær markmið.

# AFURÐARPAKKINN

Afurðarpakkinn leggur til:

- Skilgreiningu og samhengi þess að vera ungur frumkvöðull í fjallahéruðum og dreifðum byggðum.
- Yfirlit yfir hvernig það er að vera frumkvöðull í fjallahéruðum og dreifðum byggðum.
- Útskýringar á því hvers vegna og hvernig hvetja má ungt fólk í fjallahéruðum og dreifðum byggðum til að gerast frumkvöðlar.
- Sýnidæmi um reynslu og frumkvöðlaanda starfandi ungra frumkvöðla í fjallahéruðum og dreifðum byggðum.
- Listi yfir fræðileg skrif og stuðningsefni fyrir fyrirtæki.

# HEIMASÍÐA PEAK

Heimasíðu verkefnisins er að finna á https://www.peakentrepreneurs.eu. Vefsíðan inniheldur ýmis úrræði og upplýsingar sérstaklega fyrir frumkvöðla í fjallahéruðum og dreifðum byggðum.

# STYRKTARAÐILI VERKEFNISINS

Þetta verkefni hefur verið fjármagnað með stuðningi frá Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins.

Erasmus+ er áætlun Evrópusambandsins til að styðja menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir í Evrópu.

Í áætluninni 2021-2027 er lögð mikil áhersla á félagslega aðlögun, græn og stafræn umskipti og að efla þátttöku ungs fólks í lýðræðislegu lífi.

Þú getur fundið út meira um fjármögnunaraðila verkefnisins í gegnum vefsíðuna: https://erasmus-plus.ec.europa.eu.

Co-funded by the Erasmus+ Programme of the European Union

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.

# 01 | Frumkvöðlastarf ungmenna í fjallahéruðum og



# 1. Frumkvöðlastarf ungmenna í fjallahéruðum og dreifðum byggðum

## ÆSKA



Umskiptin frá ósjálfstæði bernskunnar til sjálfstæðis fullorðinsáranna má flokka sem „æsku“. Þessi umskipti geta verið mismunandi milli einstaklinga og eiga sér því stað á mismunandi aldri. Vegna þeirrar staðreyndar er aldursflokkurinn „ungmenni“ meira fljótandi en aðrir aldurshópar.

Engu að síður er aldur auðveldasta leiðin til að skilgreina þennan hóp. Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) viðurkenna þá staðreynd að engin algild alþjóðleg skilgreining er til fyrir aldurshóp ungs fólks, en ákváðu skilgreiningu á ungmennum í undirbúningi fyrir alþjóðlega æskulýðsárið 1985 frá 15 ára til 24 ára. Þessi skilgreining er einnig notuð af Sameinuðu þjóðunum (SÞ) vegna hagskýrslugerðar og vísar til allra rita SÞ um æskulýðsmál.

Finna má margar aðrar skilgreiningar sem eru mismunandi milli landa og mismunandi þátta, svo sem félagsmenningarlegra, stofnanalegra, efnahagslegra og pólitískra þátta. Algengt er í mörgum löndum að draga mörkin milli barna (14 ára og yngri) og ungmenna við lögræðisaldur, það er þegar einstaklingur fær jafna meðferð samkvæmt lögum, sem víða er við 18 ára aldur. Þetta er línan sem oft er dregin á milli æsku og fullorðinsára.

**Í þessu PEAK Erasmus+ verkefni vísar hugtakið „ungmenni“ til ungs fólks allt að 30 ára.**

https://www.un.org/en/global-issues/youth

Microsoft Word - YOUTH_Definition_2013-1-23.docx (un.org)

# FRUMKVÖÐULL/FRUMKVÖÐLASTARFSEMI



Orðið frumkvöðull er samkvæmt frumkvöðlasjóðnum **Gritti** talið eiga uppruna sinn úr frönsku sögninni:

***„Entreprendre" sem merkir „að byrja eitthvað; hefjast handa við"***

What Is The Origin Of The Word "Entrepreneur"? - The Gritti Fund

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins skrifaði grænbók um frumkvöðlastarfsemi í Evrópu árið 2003. Þar voru orðin frumkvöðull og frumkvöðlastarf rædd í samhengi við marga mismunandi þætti. Þrátt fyrir að grænbókin sé ekki nýútgefið rit eru skilgreiningar hennar og skýringar á þessum orðum enn í gildi og endurspeglast í öðrum skilgreiningum.

Þegar grænbókin svarar spurningunni „Hvað er frumkvöðlastarf?" segir að frumkvöðlastarf sé hugarfar sem:

> ***...taki til hvata og getu einstaklings, á persónulegum grunni eða innan fyrirtækis, til að greina tækifæri og sækjast eftir þeim í því skyni að skapa ný gildi eða efnahagslegan ávinning. Það þarf sköpunargáfu og nýsköpun til að komast inn á og keppa á núverandi markaði, breyta honum eða jafnvel skapa nýjan markað.***

Einnig:

> ***Frumkvöðlastarf snýst um fólk, val þess og aðgerðir við að stofna, taka yfir eða reka fyrirtæki, eða þátttöku þess í stefnumótandi ákvarðanatöku fyrirtækisins. Frumkvöðlar eru fjölbreyttur hópur sem kemur úr öllum stéttum samfélagsins. Samt eru ákveðin sameiginleg einkenni frumkvöðlahegðunar, þ.m.t. að vera reiðubúin að taka áhættu og búa yfir sjálfstæði og trú á eigin getu.***

Microsoft Word - en 27-3.doc (europa.eu)

Á vefsíðu *The Economic Discussion* er fjallað um margar mismunandi skilgreiningar á frumkvöðlum og frumkvöðlastarfsemi og þar eru dregin saman **helstu einkenni frumkvöðlastarfsins**:



- *Það tengist atvinnustarfsemi.*
- *Það felur í sér sköpun eða nýsköpun.*
- *Það felur í sér hreyfanleika og sveigjanleika.*
- *Það þýðir að taka ákvarðanir í óvissu.*
- *Það felur í sér að sameina mismunandi framleiðslutæki.*
- *Það felur í sér áhættu.*
- *Það felur í sér getu til að skipuleggja og stjórna.*

Entrepreneur Definition: Entrepreneur Meaning and Definition (economicsdiscussion.net)

# UNGIR FRUMKVÖÐLAR

Að skilgreina unga frumkvöðla og byggja það á þeim skilgreiningum sem þegar hefur verið fjallað um má segja að þeir séu einstaklingar, nálægt aldurshópnum 18-30 ára, sem hafa gildi og framtíðarsýn til að elta drauma sína um að verða sjálfstætt starfandi og skapa sér og samfélögum sínum farsæla framtíð. En hvernig er að vera ungur frumkvöðull?

[Youth_Entrepreneurship_Curriculum_EN.pdf (eye-project.eu)](#)

Í gegnum heimildaöflun PEAK verkefnisins meðal ungra frumkvöðla og viðtöl við kennara og samstarfsfólk þeirra eru vísbendingar um að ungt fólk hefur tilhneigingu til frumkvöðlastarfs en að það getur skort sértæka færni til að byrja, vaxa eða ná árangri.

Í skýrslu OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar) frá 2021 *The Missing Entrepreneurs* kom fram að:

***Nærri helmingur ungs fólks gefur til kynna að það vilji frekar vera frumkvöðull frekar en að starfa sem starfsmaður og meira en 40% háskólanema segjast ætla að verða frumkvöðlar innan fimm ára frá útskrift.***

Upplýsingar varðandi sjálfstæða atvinnustarfsemi ungs fólks:

- Ungmenni eru um helmingi líklegri en allir fullorðnir til að vera sjálfstætt starfandi.
- Ungt fólk er ólíklegra til að nefna „ótta við mistök" sem hindrun fyrir stofnun fyrirtækja (The Missing Entrepreneurs 2021).
- Í skýrslu *BNP Paribas Global Entrepreneur* frá 2020 kom fram að þeir sem eru 50 ára eða eldri, uppgangskynslóðinn eða *baby boomers* stofnuðu að meðaltali 3.5 fyrirtæki, á meðan yngra fólkið í þúsaldarkynslóðinni, eða *millennials group* stofnaði 7.7 fyrirtæki.
- Á málstofu um frumkvöðlastarf ungs fólks á vegum OECD og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins árið 2014 kom fram að 45% ungs fólks kýs sjálfstæða atvinnustarfsemi frekar en að vera starfsmenn annarra, en 37% fullorðinna kjósa sjálfstæða atvinnustarfsemi. 41% ungmenna telja að þau gætu verið sjálfstætt starfandi á næstu fimm árum samanborið við 30% fullorðinna sem telja það framkvæmanlegt.
- Ungmenni eru virkari í upphafsfasa frumkvöðlastarfs en fullorðnir...... en þau eru ólíklegri til að bregðast við ytri þáttum.
- Ungir frumkvöðlar eru líklegri til að stofna fyrirtæki í teymum en fullorðnir.
- Ungmenni eru ólíklegri en fullorðnir til að reka rótgróin fyrirtæki.
- Algengasta ástæðan fyrir því að ungt fólk hættir rekstri sínum er skortur á hagnaði.
- Ungir frumkvöðlar eru örlítið líklegri en þeir eldri til að kynna nýjar vörur og þjónustu.
- Ungir frumkvöðlar voru aðeins líklegri til að selja til viðskiptavina í öðrum löndum ...... og höfðu meiri væntingar um vöxt verkefnisins.

Youth self-employment and entrepreneurship activities | The Missing Entrepreneurs 2021: Policies for Inclusive Entrepreneurship and Self-Employment | OECD iLibrary (oecd-ilibrary.org)

https://wealthmanagement.bnpparibas/en/expert-voices/2020-global-entrepreneur-report-part-1.html

https://www.oecd.org/cfe/leed/SummaryReportSeminarYouthEntrepreneurshipRev.pdf

Í PEAK verkefninu hafa nokkrir frumkvöðlar frá fjalla- og dreifbýlissvæðum þátttökulandanna sagt frá sinni frumkvöðlareynslu.

Þeirra lýsing er nokkuð í samræmi við það sem þegar hefur komið fram í þessum texta og til að draga fram nokkur atriði úr umfjöllun þeirra nefna PEAK frumkvöðlarnir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tækifærin liggja í fjöllunum og dreifbýlinu | Byrjaðu bara! | Samvinna | Frelsi og sjálfstæði | Hagnaður og ráðning fleira starfsfólks |
| Stuðningur frá öðrum í sama geira | Skortur á opinberum fjárstuðningi | Erfiðleikar varðandi staðsetningu, afhendingu birgða | Flókið að byrja, of mikil pappírsvinna | Vilja skipta máli í samfélaginu |

***Þrátt fyrir mikinn áhuga á frumkvöðlastarfi vinna mjög fá ungmenni við sprotafyrirtæki. Þessi gjá stafar af ýmsum mikilvægum hindrunum, s.s. skorti á reynslu og færni, skorti á tryggingum og eigin fjármagni og vanþróuðu faglegu tengslaneti.*** *(OECD, Frumkvöðlarnir sem vantar, 2021).*

# HINDRANIR Í FRUMKVÖÐLASTARFI UNGS FÓLKS

Nýlegar rannsóknir benda til þess að fjárhagslegur stuðningur hafi tilhneigingu til að hafa mestu áhrifin á framgang sprotafyrirtækja, en margt bendir þó til þess að þjálfun, leiðasögn og handleiðsla séu oft meira metin af ungum frumkvöðlum. Forgangsaðgerðir ríkisstjórna til að styrkja unga frumkvöðla gætu m.a. verið að:

1. Takast á við fjárhagslegar hindranir sem ungir frumkvöðlar standa frammi fyrir.
2. Auka aðdráttarafl stuðningsverkefna með því að fanga betur sjónarmið ungs fólks.

OECD tilgreinir eftirfarandi hindranir:

- Skortur á vitund og skilningi á frumkvöðlastarfi leiðir til skorts á hvatningu og/eða neikvæðum félagslegum viðhorfum.
- Menntunar- og þjálfunaráætlanir gera almennt ekki nóg til að hlúa að viðhorfum og færni frumkvöðla.
- Reynsluleysi varðandi fyrri vinnu og frumkvöðlastarfsemi er sterkur áhrifavaldur varðandi stofnun nýrra fyrirtækja og það að ná árangri í frumkvöðlastarfsemi.
- Skortur á möguleikum til að nálgast fjármagn s.s. lánafjármögnum og aðgangur að öðru ytra fjármagni hamlar sprotafyrirtækjum.

- Takmörkuð tengslanet innan viðskiptageirans og viðskiptatengdur félagsauður hafa áhrif á sprotafyrirtæki.
- Markaðshindranir, þ.m.t. hlutdrægni á fjármálamörkuðum varðandi stuðning við fyrirtæki í eigu ungs fólks og „mismunun" á vörumörkuðum.

Frekari hindranir sem háskólinn í Foggia á Ítalíu hefur bent á eru:
- Erfiðleikar við stjórnun viðskiptaáhættu.
- Vanhæfni til að framkvæma sjálfbæra viðskiptaáætlun.

Í dreifbýli og fjalllendi í Evrópu lækkar íbúatala ungs fólks þegar það flytur þaðan til þéttbýlissvæða. *Rural Migration Decisions in Scotland* rannsóknin kannaði helstu „ýta", „toga", „dvelja" og „snúa aftur" þætti sem hvetja ungt fólk til að fara eða snúa aftur til dreifbýlisins. Helstu „ýta" þættirnir voru atvinnumál og helstu „dvelja" og "snúa aftur" þættirnir voru að hafa trygga atvinnumöguleika á staðnum og hafa aðgang að viðeigandi störfum miðað við menntun og áhugasvið auk starfsþjálfunar.

Að hvetja til frumkvöðlastarfs ungmenna í dreifðum byggðum getur verið leið til að fá fleiri ungmenni til að vera áfram í, snúa aftur til, eða flytja til dreifbýlissvæða.

Chigunta (2002) listaði upp eftirfarandi ástæður fyrir mikilvægi þess að hvetja til frumkvöðlastarfsemi meðal ungmenna:

- Að skapa atvinnutækifæri.
- Að hjálpa ungmennum að þróa nýja færni og reynslu.
- Að stuðla að nýsköpun og seiglu hjá ungmennum.
- Að stuðla að viðhaldi og enduruppbyggingu sveitarfélaga.
- Að nýta sér það að ungir frumkvöðlar eru móttækilegir fyrir nýjum tækifærum og straumum.





*41.3% af evrópsku landsvæði er skilgreint sem fjalllendi og þar búa 25.4% íbúa Evrópu.*



**Ungt fólk (15-24 ára) er 10,6% af íbúum ESB**

**NÝTA SÉR ÞAÐ AÐ UNGIR FRUMKVÖÐLAR ERU MÓTTÆKILEGIR FYRIR NÝJUM TÆKIFÆRUM OG ÞRÓUN**

45% ungmenna kjósa sjálfstæðan atvinnurekstur frekar en að vinna hjá öðrum, en 37% fullorðinna kjósa sjálfstæðan atvinnurekstur

41% ungmenna telja að þau gætu verið sjálfstætt starfandi á næstu 5 árum samanborið við 30% fullorðinna

Að meðaltali stofnuðu „Millenials" 7,7 fyrirtæki á meðan „Baby Boomers" stofnuðu 3,5




**STUÐLA AÐ ENDURNÝJUN INNAN SAMFÉLAGA**



**Atvinnuleysi %**




**Eins árs atvinnuleysi meðal ungs fólks getur lækkað árstekjur við 42 ára aldur um allt að 21%**

**AÐ SKAPA ATVINNUTÆKIFÆRI**

**Hlutfall ungs fólks (20-29) í sjálfstæðum atvinnurekstri 2019**







# UNGIR FJALLAFRUMKVÖÐLAR

**AÐ HJÁLPA UNGMENNUM AÐ ÞRÓA NÝJA FÆRNI OG REYNSLU**

Helsti áhrifaþátturinn varðandi það hvort ungt fólk fer frá eða snýr aftur til dreifbýlissvæða eru atvinnumál. Til að auka líkur á að unga fólkið dvelji áfram eða komi aftur þarf að tryggja fjölbreytt atvinnuframboð á staðnum, gott aðgengi að viðeigandi störfum og starfsþjálfun.

**EFLING NÝSKÖPUNAR OG SEIGLU MEÐAL UNGS FÓLKS**

# 02 | Af hverju að gerast ungur frumkvöðull í dreifbýli?



# 2. Af hverju að gerast ungur frumkvöðull í dreifbýli?

Sem kennari eða leiðbeinandi þarf að hugsa um ástæðurnar fyrir því að viðkomandi vill styðja ungt fólk til að verða frumkvöðlar í fjallahéruðum og dreifðum byggðum. Orðaskýið hér að neðan (á ensku) lýsir nokkrum lykilatriðum sem geta verið hvatinn að því að vilja efla ungt fólk til að stofna fyrirtæki og reka það.



# HVERS VEGNA?

Margt ungt fólk í löndum Evrópusambandsins fær ekki atvinnu. Þessi staða getur versnað enn frekar þegar ungt fólk býr í dreifbýli og afskekktum samfélögum eins og fjallasvæðum.

Vísbendingar eru um að atvinnulaust fólk sé óhamingjusamara, líklegra til að upplifa ýmis heilsufarsvandamál og standi frammi fyrir áskorunum sem tengjast því að fara aftur á vinnumarkaðinn (Bell og Blanchflower, 2009). Fyrir ungt fólk geta áhrif atvinnuleysis verið sérstaklega langvarandi og raskað velferð og væntingum þeirra til framtíðarinnar. Vísbendingar eru einnig um að ungmenni sem upplifir tímabil atvinnuleysis sé líklegar til að verða á lægri launum og upplifa langtímaatvinnuleysi síðar á ævinni (Blanchflower og Oswald, 1998).

***Árið 2021 voru 71.0 milljónir manna á aldrinum 15-29 ára í ESB, þar af voru 5.0 milljónir atvinnulausar, sem leiðir til 7.1% atvinnuleysishlutfalls í ESB*** **(Eurostat, 2022).**

https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Youth_unemployment

Framangreind staða getur ekki aðeins haft neikvæð áhrif á væntingar og metnað ungs fólks í lífinu, heldur hefur staðan haft í för með sér samfélagslegan kostnað. Hlutfall ungs fólks sem er ekki í vinnu, námi eða einhverskonar þjálfun getur verið mismunandi eftir því hvar þú býrð.

***Hlutfall fólks á aldrinum 15-29 ára í ESB, sem hvorki hafði atvinnu, var í skóla eða þjálfun árið 2021, var á bilinu 5,5% í Hollandi til 23,1% á Ítalíu.*** **(Eurostat, 2022).**

https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Youth_unemployment

Að gerast ungur frumkvöðull í dreifðum byggðum býður ekki bara upp á ávinning fyrir unga fólkið heldur samfélagið í heild sinni. Það gerir unga fólkinu kleift að leggja til jákvætt sjálfsprottið framlag til samfélagsins og um leið alls hagkerfis Evrópu. Frumkvöðlastarfsemi gagnast unga fólkinu á margan hátt, til að mynda þannig að það nýti þann mannauð sem það býr yfir til að auka hamingju sína. (Blanchflower og Oswald, 1998).



Það eru margar ástæður fyrir því að einhver ákveður að stofna eigið fyrirtæki á ákveðnum tímapunkti í lífi sínu. Sumir koma auga á skarð í markaðnum, tóma verslunareiningu eða vilja einfaldlega gera jákvæðar breytingar á núverandi þjónustu framboði. Skortur á atvinnutækifærum meðal ungs fólks getur haft áhrif á heilsu þeirra, framtíð og almenna líðan. Ein af leiðunum til að fá ungt fólk til að leggja eitthvað jákvætt af mörkum til samfélagsins er með frumkvöðlastarfi. Það eykur ekki aðeins atvinnuhorfur hjá óreyndu ungu fólki heldur hefur það einnig áhrif á hagvöxt með nýjum störfum, aukinni samkeppni og nýsköpun.

Ungt fólk sem stofnar eigin fyrirtæki eru oft fyrirmyndir í augum jafnaldra sinna og fólks á öllum aldri. Þrátt fyrir að farsælustu frumkvöðlarnir hafi tilhneigingu til að skilgreina sig sem fullorðna, þá eru alltaf tækifæri fyrir unga frumkvöðla að breyta hugmyndum sínum í farsæl fyrirtæki.

Ef ungir frumkvöðlar stofna fyrirtæki í viðkvæmu eða illa stöddu samfélagi, svo sem einangruðu fjallasamfélagi, geta áhrifin verið veruleg samanborið við efnahagslega og félagslega þróun í öðrum samfélögum. Samfélagsleg áhrif eru ein helsta ástæða þess að frumkvöðlastarf er aðlaðandi fyrir ungt fólk. Margar velgengnissögur hafa sýnt fram á tengsl milli æsku og velgengni, sérstaklega varðandi frumkvöðlastarf. Ungu frumkvöðlarnir geta verið nýstárlegri, hrist betur upp í hlutunum, haft meiri tíma, orku og kraft en þeir sem eldri eru. Þeir eru einnig tilbúnari til að taka áhættu á meðan þeir hafa ekki miklu að tapa og þeir hafa tilhneigingu til að hafa færri fjölskyldu- eða fjárhagslegar skyldur en eldri frumkvöðlar.

## ÁVINNINGUR



## Sjálfstætt starfandi ungmenni eru líklegri til að ráða aðra í vinnu:

- Sjálfstætt starfandi ungmenni eru líklegust til að starfa í geirum þar sem eiginfjárhlutfall er lítið.
- ... og eru líklegri til að starfa sem sérfræðingar og sem sölu- og þjónustufólk
- Þriðjungur sjálfstætt starfandi ungmenna er með háskólamenntun



## Unga fólkið styrkir sig sjálft:

- Notar mannauð sinn í eigin þágu.
- Eykur sína dýrmætu færni
- Eru sjálfstæð og taka eigin ákvarðanir
- Fara út úr þægindaramma sínum
- Efla sjálfsvitund og sjálfstraust



## Ungt fólk er líklegra til að vera virkt í að takast á við þær áskoranir sem heimurinn okkar stendur frammi fyrir:

- Frumkvöðlar í fjallahéruðum og dreifðum byggðum hafa möguleika á efla samfélög sín vegna þess að vara þeirra eða þjónusta gæti verið lausn á tilteknu, núverandi vandamáli í samfélagi þeirra, svo sem varðandi umhverfismál eða fjölda-ferðaþjónustu.

# 03 Hvati til frumkvöðlastarfs ungmenna í fjallahéruðum og dreifðum byggðum



# 3. Hvati til frumkvöðlastarfs ungmenna í fjallahéruðum og dreifðum byggðum

## HINDRANIR FJARLÆGÐAR

Frumkvöðlastarf ungs fólks, hvort sem það er í fjallasamfélögum í þéttbýli eða dreifbýli, getur boðið upp á nýstárlegar lausnir fyrir hagvöxt, ekki aðeins fyrir ungmennin sjálf heldur fyrir allt samfélagið. En frumkvæði ungs fólks er enn tiltölulega nýtt í mörgum samfélögum á landsbyggðinni og í fjallabyggðum og kennarar ungra frumkvöðla geta upplifað hindranir frá samstarfskennurum eða jafnvel öðrum frumkvöðlum. Til að styðja við kennara getur verið vert að hafa eftirfarandi atriði í huga þegar unnið er að því að efla ungt fólk til að verða frumkvöðlar í einangruðum samfélögum;



**Leita stuðnings fjölskyldu og samfélags til að hvetja unga fólkið**

**Þróa yfirfæranlega færni ungs fólks**

**Huga að fjármálalegum valkostum sem eru í boði fyrir ungt fólk**

**Bjóða öðrum frumkvöðlum að ræða við unga fólkið og hjálpa til við markmiðasetningu**

**Hvetja ungt fólk til að finna lausnir á samfélagsvanda-málum**

**Stuðningur fjölskyldunnar** er einn áhrifamesti þátturinn í því að ungir frumkvöðlar nái árangri (Manolova o.fl., 2015). Finna ætti leiðir til að efla þátttöku foreldra, umönnunaraðila eða forráðamanna unga fólksins sem fá leiðsögnina, svo sem að bjóða þeim á vinnustofur. **Samfélagsleg þátttaka** er einnig nauðsynleg í fjallasamfélögum á landsbyggðinni til að hjálpa til við að byggja upp farsælt samstarf og grunn viðskiptavina.

Margt ungt fólk, sérstaklega í fjalla- og dreifðum samfélögum á landsbyggðinni, getur sóst eftir því að verða frumkvöðlar vegna skorts á atvinnutækifærum. Mælt er með því að kennari taki þátt í **þróun yfirfæranlegrar færni** á hvaða vinnustofu, starfsemi eða þjálfun sem er þar sem unnið er með ungu fólki. Þetta þýðir að ný lærða færni þeirra er hægt að nota áfram í öðrum aðstæðum eftir að sértækum verkefnum eða frumkvöðlaverkefnum lýkur. Þetta leiðir til fleiri möguleika fyrir unga fólkið.

Ungir frumkvöðlar í fjallahéruðum og dreifðum byggðum hafa tilhneigingu til að hafa **takmarkaðan aðgang að fjármagni og fjármögnunarmöguleikum** til að stofna, byggja upp eða stækka fyrirtæki. Þetta er mismunandi eftir því hvar unga fólkið býr, mikilvægt er að kennarar og leiðbeinendur kynni sér vel þá fjárhagslegu valkosti sem ungu fólki stendur til boða í sínu samfélagi. Margt ungt fólk getur leitað til fjölskyldna sinna eftir stuðningi en alls ekki allt.

Leiðbeinendur og kennarar geta hjálpað ungu fólki að skoða viðskiptaáætlanir sínar, hugtök og hugmyndir. Þeir geta boðið frumkvöðlunum tækifæri til að tengjast stærri tengslanetum, verið fyrirmyndir og kynnt dæmi um velgengni og reynslu (Wilbanks, 2013). Einnig má **bjóða frumkvöðlum** af staðnum á vinnustofu til að deila þekkingu sinni og reynslu með unga fólkinu.

Mikilvægt er **að hvetja ungt fólk til að finna lausnir á samfélagsvandamálum** – og kynna fyrir þeim hvernig félagsleg frumkvöðlastarfsemi ungmenna getur bæði stutt við þróun þeirra og hjálpað til við að flýta fyrir innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðuþjóðanna.

🌐 Youth Social Entrepreneurship and the 2030 Agenda

# NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLAMENNTUN

## *Góðar aðferðir*

Með því að innleiða nýsköpun og frumkvöðlafræði í menntun ungmenna í dreifðum byggðum er hægt að hlúa að þeim tækjum og færni sem þarf til að ungmennin geti hafið frumkvöðlavegferð sína. Með PEAK könnunum okkar meðal ungra frumkvöðla og viðtölum við kennara og leiðbeinendur ungs fólks hafa verið greind þemu sem þörf er á fyrir óformlega frumkvöðlamenntun.

Þemun snúa að:

### Mikilvægi þess að tengja nám við raunverulegar aðstæður

- Bjóða upp á rými til samstarfs.
- Reynsla sem sprottin er af vinnutengdum athöfnum daglegs lífs auk fjölskyldu- og frítíma; Til dæmis að vera hluti af samtökum sem líkjast viðskiptahugmyndinni, helga frítíma sinn handverki og/eða starfsemi sem eykur reynsluheim unga fólksins.
- Tengslanet og sambönd við rótgróin fyrirtæki og beinn aðgangur að sérfræðiþekkingu er ómetanleg hjálp fyrir ný sprotafyrirtæki.
- Raunveruleg tengsl við fólk og ráðleggingar sprottnar úr raunverulegum aðstæðum og lausnum hljóma mun áhugaverðar en kennsla fræðilegra kenninga.
- Tengingin við raunverulegar lausnir og sviðsmyndir.
- Að tengja saman fyrirtæki og leiðbeinendur.
- Að styrkja tengsl milli nýrra fyrirtækja og fyrirtækja sem þegar eru í föstum rekstrarskorðum.
- Þátttaka fjölskyldna og möguleiki á námssamningi eða starfsþjálfun er mikilvægur undirbúningur fyrir viðskiptaheiminn.



## Sækja innblástur í og kynna virka unga frumkvöðla

- Búa til vettvang þar sem ungir frumkvöðlar geta stutt hver annan þó þeir séu í mismunandi atvinnugreinum eða með mismunandi tegundir fyrirtækja.
- Sýnidæmi af ungu fólki fyrir ungt fólk til að hvetja og upplýsa.
- Blogg skrifuð af ungu fólki.



## Efla skapandi hugsun, nýsköpun og hugmyndavinnu

- Standa fyrir helgarhraðli eða fókushópi.
- Innblásturs og fundarstaðir þar sem hægt er að hlýða á sögur af velgengni annarra, unnið með öðrum og fengið innblástur frá þeim sem þegar hafa staðið í frumkvöðlaskónum.
- Margt ungt fólk eru miklir neytendur og skortir kannski áhuga á sköpunþættinum og frumkvæði þegar kemur að því að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.
- Að hvetja frumkvöðla til að vera sveigjanlegir og vera ekki of fastir í fyrir fram mótuðum hugmyndum og átælunum heldur laga sig að ráðgjöf og aðstæðum.
- „Hugmyndakaffi" þar sem ungmennum er boðið að ræða málefni opinskátt og án dagskrár.
- Hugmyndahátíðir og vinnustofur.
- Nám byggt á leikjum.
- Fá frumkvöðla til að koma hugmyndinni/fyrirtækinu af stað þó í smáu sé, - einu mistökin eru að byrja ekki. Þetta gerir þeim kleift að læra hvað virkar, breyta því sem þarf að breyta og uppgötva hluti sem þeir gætu ekki hafa vitað ef þeir hefðu ekki hleypt af stokkunum.

## Hvetja til samkenndar og sjálfsígrundunar



- Verðandi frumkvöðlar læra einnig um sjálfa sig: Hver þú ert, hvar þú stendur og hvað þú veist.
- Hugmyndin er að tækifærið felist í einhverju sem býr innra með hverjum og einum.

Auk þess sem hér hefur komið fram bentu svarendur kannanna PEAK á að:

- Samþætta þurfi nýsköpunar- og frumkvöðlaþjálfun inn í almenna menntun ungmenna eins snemma í námi þeirra og auðið er.
- Miðla frumkvöðlahugsun meðal yngri kynslóða: þ.e. að auka færni þeirra til tekjuöflunar, efla enn frekar tilhneigingu þeirra til að taka áhættu og getu þeirra til að skipuleggja mannauð og framleiðsluaðferðir.
- Kynna nýsköpunarfræðslu fyrr í skólum – allavega niður í yngri bekki grunnskóla (þar sem það er ekki gert nú þegar.

# NÁMSEFNIÐ

Byggt á könnunum PEAK og reynslu ungu PEAK frumkvöðlanna hefur verið búið til námsefni fyrir nýsköpunar- og frumkvöðlaþjálfun. Námsefnið er mögulegt að fella inn í starfsemi menntastofnanna auk þess að nota það í óformlegri kennslu.

Hver kafli sem settur er fram tengist völdu þema fyrir óformlega frumkvöðlamenntun.

- Mikilvægi þess að tengja nám við raunverulegar aðstæður.
- Sækja innblástur til, og kynna unga frumkvöðla.
- Efla skapandi hugsun, nýsköpun og hugmynda-vinnu
- Hvetja til samkenndar og sjálfsígrundunar

Meginþættir námsefnisins eru útskýrðir ásamt þeirri frumkvöðla- eða nýsköpunarfærni sem þeir tengjast. Þar sem því var við komið hefur sérstöðu PEAK „PEAK twist" verið bætt við til að tengja námsefnið sérstaklega við dreifðar byggðir og fjallahéruð.

Eftir að námsferlinu er lokið er mikilvægt að hámarka námsárangur með því að leiðbeina nemendum við að velta fyrir sér gangverki námsferilsins og hugmyndafræðilegum lykilatriðum. Með leik verða nemendur betur í stakk búnir að tileinka sér almennar frumkvöðlanálganir í lífi sínu.



# KORTLAGNING SAMKENNDAR

Færni í frumkvöðlastarfi:

Hvetja til samkenndar og sjálfsskoðunar. Skapandi hugsunar og hugmyndasköpunar

## Markmið:

Að öðlast dýpri skilning á tilteknum einstaklingi eða aðstæðum. Þetta gæti verið frá sjónarhóli einstaklinga eða hagsmunaaðila, eða verið svar við ákveðinni spurningu eða samhengi. Æfingin getur verið eins einföld eða flókin og þú vilt gera hana.

## Námsaðferð:

1. Byrjið á því að bera kennsl á manneskjuna og samhengið sem þið viljið kortleggja

2. Ákveðið spurningu fyrir viðkomandi

3. Notið sniðmát leiðarvísisins og teiknið upp á blað þá hluta sem tákna skynjunarupplifun viðkomandi, eða upp á töflu ef um hópastarf er að ræða.

4. Mátið ykkur við það sem einstaklingurinn upplifir og lifið ykkur inn í hugarheim þeirra. Ljúkið við að skrifa í sniðmátið raunverulega og áþreifanlega skynjunarupplifun.

Kortlagning samkenndar getur hjálpað til við að greina eyður í skilningi og hjálpað við að skapa dýpri skilning á því sem ekki er enn vitað.

## PEAK snúningurinn

Gerið samkenndarkort fyrir:

- Ungan einstakling sem spyr „Hvers vegna að vera kyrr í dreifbýlinu?“
- Ferðamann sem vill upplifa sjálfbæra dvöl fjalllendi og/eða dreifðum byggðum

## Hámarkið námsárangurinn:

Hvað uppgötvuðuð þið?
Sáust einhver þemu/straumar?
Getið þið komið auga á hugsanleg tækifæri fyrir nýja vöru eða þjónustu?

Source: https://gamestorming.com/empathy-mapping/

This project has been funded with support from the European Commission

# KORTLAGNING SAMKENNDAR
## MEÐ HVERJUM HÖFUM VIÐ SAMKENND?

*Hverjar eru **manneskjurnar** sem við viljum skilja?*
*Á hvaða aldri eru þær? Hver er staða þeirra?*

### Hvað hugsa þær og finna?

*Hvað skiptir máli?*
*Hverjar eru áhyggjur þeirra eða vonir?*
*Hvað eru þær að hugsa um?*
*Hvernig sýna þær tilfinningar?*

### Hvað gera þær?

*Hvað myndu þær vilja gera?*
*Hvað getum við ímyndað okkur þær gera?*
*Hvað þurfa þær að gera?*

*Hvert er viðhorf manneskjunnar?*
*Hvernig hagar hún sér gagnvart öðrum, umhverfinu?*
*Hvernig kemur hún fyrir?*

### Hvað heyra þær?

*Á hvaða miðla hlusta þær?*
*Hvað heyra þær fólk segja?*

### Hvað sjá þær og segja?

Hvert er umhverfi þeirra?
Hverjir eru vinir þeirra?
Hvað býður markaðurinn þeim núna?
Hvað eru þeir að horfa á/lesa?

### Hindranir

*Hver er ótti þeirra, gremja, kvíði?*
*Hvaða áhættu, ógnum og hindrunum standa þær frammi fyrir?*

### Ávinningur

Hvað óskir, þarfir, metnað hafa þær?
Hvað þurfa þær til að ná árangri og ná markmiðum sínum? Hvernig mæla þær árangur?
Hvaða tækifærum standa þau frammi fyrir?

# KRASSFUGLAR

Færni í frumkvöðlastarfi:

Skapandi hugsun og hugmyndakynslóð. Árangursrík samskipti. Aðlögunarhæfni

## Markmið:

Sýna stuttlega fram á hversu litla fyrirhöfn þarf í raun til að gera merkingarbærar og auðlesnar myndir. Læra að líta á hlutina öðruvísi og sigrast á sjónrænum kvíða.

## Námsaðferð:

Teikna fullt af litlum krassmyndum á blað

Breyta hverju krassi í fugla með því að bæta við einföldum þríhyrningsgoggi, auga, fótum og þríhyrningsstéli.

Verið eins nákvæm eða eins frjálsleg og þið viljið.

PEAK snúningurinn

Hópleikur – Hver og einn teiknar krass á blað sem fært er til næsta manns. Sá umbreytir krassinu, teiknaðu nýtt krass og láttu ganga áfram.

Sleppið ykkur í krassinu!

Skorið á ykkur sjálf að breyta krassinu í eitthvað annað en fugla, t.d. andlit, fólk og lógó.

## Hámarkið námsárangurinn:

- Hugurinn vinnur vélrænt að gerð náttúrulegra mynstra
- Sjónræn hugsun er auðveldari en halda má
- Sjónræn samskipti þurfa ekki að vera fullkomin

Source: https://gamestorming.com/?s=squiggle+birds



Erasmus+ This project has been funded with support from the European Commission

# KRASSFUGLAR



Hversu mörg önnur mismunandi form er hægt að búa til?

Hvað segir krassið við þig?

Þú gætir jafnvel bætt við texta



# SLÆM HUGMYND

Færni í frumkvöðlastarfi:
Skapandi hugsun og hugmyndakynslóð. Tengist raunveruleikanum. Aðlögunarhæfni

## Markmið:

Að læra hvernig á að breyta hindrunum eða veikleikum í tækifæri

## Námsaðferð:

Þátttakendur skrifa niður slæma hugmynd á blað, rúlla henni upp og setja í „ruslafötu". Síðan velja þátttakendur upprúllaðan miða úr ruslafötunni og kynna hugmyndina fyrir hópnum. Útskýra hvers vegna hugmyndin er slæm og hugsa um leiðir til að breyta henni í góða hugmynd (hægt að vinna í hópi).

PEAK snúningurinn



Hugsið um félagslegar eða umhverfislegar afleiðingar annaðhvort slæmu hugmyndarinnar eða þeirrar breyttu og góðu. Hvernig má gera hugmyndina loftslagsvæna?

## Hámarkið námsárangurinn:

- Skemmtið ykkur við að ýkja það góða og slæma
- Hjálpar okkur að sjá á hverju hægt er að byggja hugmyndir
- Gangið úr skugga um að æfingin klárist á jákvæðum nótum

Source: https://www.theguardian.com/teacher-network/teacher-blog/2013/nov/23/teaching-enterprise-school-curriculum



Erasmus+ This project has been funded with support from the European Commission

# AÐ LOKUM

Færni í frumkvöðlastarfi:
Skapandi hugsun og hugmyndakynslóð. Tengist raunveruleikanum. Aðlögunarhæfni

**Markmið:**

Að búa til hugmyndir fyrir ákveðna sviðsmynd með þöglu hugarflugi og hópainnblæstri

**Námsaðferð:**

Byrjað er á því að gera grein fyrir sviðsmynd eða spurningu sem allir munu leitast við að upphugsa svör eða lausnir fyrir. Síðan gerir hver fyrir sig það sama í hljóði og skrifar síðan hugmyndir sínar á aðskilda límmiða. *Þögnin er til að skapa samfellda hugsun og límmiðarnir til að setja fram greinagóðar hugsanir.* Eftir ákveðinn tíma kynna allir hugmyndir sínar stuttlega og hópurinn ræðir þær.

PEAK snúningurinn

Kastljósi beint á sérstöðu fjallasvæða og dreifðra byggða

T.d. afskekktir staðir, strjálbýli, skortur á innviðum, hækkandi aldur íbúa. Nýtið sniðmátið sem leiðarvísi sem hjálp við að sjá fyrir ykkur einkennin og síðan lausnirnar á myndakortunum og til að skoða hvað sumir af PEAK frumkvöðlum okkar gerðu.

**Hámarkið námsáranguirinn:**

- Skoðið dæmin um það hvernig sumir af PEAK frumkvöðlunum hafa nýtt einkenni fjallasvæða og dreifbýlis í fyrirtækjum sínum.
- Gangið úr skugga um að það sé tími fyrir aðra umferð til að möguleiki sé á innblæstri varðandi fleiri hugmyndir.

Source: Post-Up - Gamestorming

This project has been funded with support from the European Commission

# STAÐAN: EINKENNI FJALLASVÆÐA



# EINKENNI FJALLASVÆÐA: LAUSNIR

**Fjarlægð frá byrgjum:**
„Vinna með það sem hægt er að ná í en fylgjast alltaf með heildarmyndinni" **BIRKI RESTAURANT, ÍSLAND**

**Staðsetning:**
„Umkringdur hveitiökrum gerir það auðveldara að segja sögu vörunnar" **LEONE BEER, ITALÍA**
„Við erum að selja fjöllin og staðsetninguna sem hluta af okkar rekstri" **THE LUNCHBOX BOYS, SKOTLAND**
„Ég sá tækifæri til að vinna úti, í fjöllunum og á sjónum, í náttúrunni og fersku lofti." **WELLBEING WARRIERS, ÍRLAND**

**Skortur á innviðum: Fjarskipti:**
„Jarðvegurinn fyrir skapandi verkefni er jafn frjór, ef ekki frjórri í dreifbýlinu en í borgunum." **HEIMA, ÍSLAND**



**Strjálbýli:**
„Samstarf á áfangastað er lykilatriði" **MUDDY SOULS, ÍRLAND**
**MiBe, ÍTALÍA:** eitt fyrirtæki en mismunandi framboð

**Lítil, náin samfélög:**
„Sveitarfélagið hvatti mig í raun til að stofna fyrirtæki mitt og þeir studdu mig sem viðskiptavinir" **CUBE TECH, GRIKKLAND**
**FRÁ HAUS AÐ HALA (FROM HEAD TO TAIL), ÍSLAND:** Hann veitir bænum þjónustu og þeir styðja hann.

**Skortur á innviðum: Samgöngur**
**CYCLE LUSS, SKOTLAND:** Rafmagns reiðhjólaleiga

**Færri fyrirtæki** þýðir að það verða fleiri eyður á markaðnum, fleiri tækifæri til að vera öðruvísi og áberandi.
**ANIMO WINE, ITALÍA:** Greip tækifæri til að koma kokteilmenningu á í dreifbýli
„*jómfrúargeirinn* gæti verið styrkur eða veikleiki"

# 04 Sýnidæmi, frekari stuðningur og lesefni



# 4. Sýnidæmi og frekari stuðningur

Þessi kafli sýnir dæmi um unga PEAK frumkvöðla í fjallahéruðum og dreifðum byggðum frá Íslandi, Grikklandi, Ítalíu, Írlandi og Skotlandi. Í kaflanum er einnig að finna upplýsingar um stuðnings- og lesefni sem kennarar og leiðbeinendur og geta nýtt sér til að styrkja ungt fólk sem áhuga hefur á fyrirtækjarekstri í sínum fjalla- og dreifbýlissamfélögum.

Mælt er með því að kennarar og leiðbeinendur kynni sé efni sem tengist frumkvöðlastarfi ungmenna í viðkomandi samfélagi, þetta getur falið í sér að hafa samband við sveitarstjórnir og frjáls félagasamtök ásamt því að leita eftir samstarfi og ráðgjöf annarra kennara og leiðbeinenda. Upplýsingarnar í þessum kafla er hægt að nota almennt um alla Evrópu en sumar af upplýsingunum eru sérsniðnar fyrir ungt fólk í fjallahéruðum og dreifðum byggðum.

Hér fylgja nokkrar hugmyndir varðandi árangursríkar vinnustofur ættlaðar ungmennum:



Biðja ungt fólk að skilgreina fjalla- og dreifbýlis frumkvöðla



Virða skoðanir ungs fólks



Veita leiðsögn varðand verkefni og spyrja gagnlegra spurninga



Hrósa ungu fólki sem fylgir leiðbeiningum með virkum hætti



Alltaf að hvetja ungt fólk til að vera gagnrýnið



Leita ráða og leiðsagnar hjá öðrum kennurum



Prófa og nýta PEAK myndbandsdæmin og kynna virka unga frumkvöðla fyrir þeim verðandi



Hvetja ungt fólk til að gera eigin kannanir á viðskipta-hugmyndum



Setja upp rafrænan vettvang fyrir ungt fólk til að geta haft samskipti sín á milli



Prófa og nýta PEAK námsefnispakkana til að læra af ungu frumkvöðlunum

# SÝNIDÆMI

Sem partur af vinnunni við gerð námsefnis fyrir unga frumkvöðla í fjallahéruðum og dreifðum byggðum og kennara þeirra tók PEAK teymið viðtöl við öfluga unga frumkvöðla og kennara ungmenna í öllum samstarfslöndunum. Auk þess að kynna hvetjandi dæmi um frumkvöðlastarf og áhugaverð verkefni ungs fólks í fjalla- og dreifbýlisumhverfi, eru viðtölin einnig grunnurinn sem afurða- og námsefnispakkarnir eru byggðir á.




Hægt er að hlaða sýnidæmunum niður af vefsíðu PEAK þar sem einnig er að finna dæmi um góða starfshætti í kennslu og óformlegri fræðslu tengda frumkvöðlastarfi.

https://www.peakentrepreneurs.eu

# SÝNIDÆMI MYNDBANDA

Röð af stuttum aðgengilegum myndbandssýnidæmum hefur verið gerð þar sem tekin eru viðtöl við unga frumkvöðla frá fjallasvæðum og dreifðum byggðum landa samstarfsaðila verkefnisins.




Myndböndin sýna ungu frumkvöðlana sem allir stuðla að jákvæðri hvatningu til ungmenna og nýsköpunar í loftslagstengdri frumkvöðlastarfsemi. Einnig er þar að finna viðskiptahugmyndir sem ýta undir jákvæða byggðarþróun á svæðum viðmælendanna og styrkja umhverfislega-, efnahagslega- og/eða félagslegra þætti byggðanna.
Hægt er að nálgast myndskeiðin með því að fara á rásir samfélagsmiðla verkefnisins.

Samfélagsmiðlar:

www.tiktok.com/@peakentrepreneurs?lang=en

www.instagram.com/peak.entrepreneurs/

www.youtube.com/channel/UCTViMLo7TqGSW7-uhEPdDjA

www.facebook.com/PeakEntrepreneurs

# NÁMSEFNISPAKKARNIR

Sex námsefnispakkar hafa verið unnir og fylgja þeir PEAK afurðunum. Hver pakki inniheldur námsmarkmið og gagnvirkar æfingar sem hannaðar eru til að nýta ýmist á eigin vegum af ungum frumkvöðlum, eða kennurum þeirra og leiðbeinendum.

Hægt er að nálgast þessa námsefnispakka á vefsíðu verkefnisins: https://www.peakentrepreneurs.eu



# FREKARI STUÐNINGUR

| Lýsing | SLÓÐ |
|---|---|
| **SKOTLAND** | |
| ***COBRA*** býður notendavæn stuðningsgögn sem innihalda m.a. upplýsingablöð sem ná yfir allt frá því að koma með viðskiptahugmyndir og vernda hugverk til þess að ráða fyrsta starfsmanninn. | http://gcclib.cobwebinfo.com/ |
| ***Respect for Trademarks*** **is a World Intellectual Property Organization (WIPO)** er stuðningsefni ætlað ungu fólk á aldrinum 14 - 19 ára sem stundar nám í ýmsum greinum, þar á meðal viðskiptafræði, fjölmiðlafræði, sálfræði, lögfræði, listum og hönnun. Þetta úrræði býður kennurum upp á nýstárlegar leiðir til að fræða um mikilvægi hugverkaréttinda fyrir bæði neytendur og höfunda margs konar vöru og þjónustu. Inniheldur gagnvirka leið við gerð vörumerkja. | http://respectfortrademarks.org/ |
| ***European Union Intellectual Property Office (EUIPO)*** ber ábyrgð á umsjón ESB-vörumerkja og skráðrar hönnunar innan bandalagsins. | https://euipo.europa.eu/ohimportal/en/home |
| ***Prince's Trust*** vinnur með 18-30 ára ungmennum að því að gera stórar hugmyndir að veruleika. Vefsíðan þeirra inniheldur mikið af gagnlegum viðskipta-auðlindum og verkfærum. | https://www.princes-trust.org.uk/ |
| ***Rural Youth Project*** gera ungu fólki kleift að þróa leiðtoga-, fyrirtækja- og framkvæmdafærni sína til að taka þátt í að gera dreifbýlið aðlaðandi fyrir ungt fólk til að byggja upp líf sitt og framtíð þar. Auðlindir, verkfærakistur, sniðmát og dæmisögur. | https://www.ruralyouthproject.com/<br>https://www.rypsv.com/ |
| ***Scotland Can Do*** hefur búið til handbók um vistkerfistengda frumkvöðlavinnu í Skotlandi. Handbókin er leiðarvísi varðandi alla þá frumkvöðlahjálp sem í boði er í Skotlandi. | https://unlockingambition.scot/resources/ |
| ***Women's Enterprise Scotland*** er rannsóknarstýrt, óhagnaðardrifið hagsmunafélag sem vinnur í þágu fyrirtækja sem stýrt er af konum eða er í eigu kvenna. | https://www.wescotland.co.uk/ |
| ***Create*** er Hálendis- og eyjamiðstöð fyrirtækja og nýsköpunar við Inverness framhaldsskóladeild háskólans UHI. | https://www.inverness.uhi.ac.uk/business-and-training/create/ |

***Scotland's Enterprising Schools*** bjóða ókeypis stuðning fyrir kennara og leiðbeinendur til að vinna að nýstárlegum og skapandi námskrám sem hvetja ungt fólk til að uppfylla drauma sína hvort heldur er í námi, lífi og/eða starfi.

🌐 https://enterprisingschools.scot/index.php

***Young Enterprise Scotland*** býður upp á fjölbreytt úrval af fræðslu- og þróunarmöguleikum fyrir fyrirtæki fyrir ungt fólk um allt Skotland

🌐 https://yes.org.uk/index.php

***Centre for Entrepreneurs*** er frumkvöðlastofnun í Bretlandi með áherslu á að efla frumkvöðlaáætlun fyrir landið.

🌐 https://centreforentrepreneurs.org/

***My World of Work.*** „Vertu þinn eigin yfirmaður" er kafli á þessari síðu sem býður upp á gagnlegar ábendingar varðandi fyrstu skrefin, ráð frá frumkvöðlum auk hjálpar- og stuðningsgagna.

🌐 https://www.myworldofwork.co.uk/

***Young Entrepreneurs Forum*** er vefsíða netsamfélags og viðskiptatímarits þar sem unnt er að læra allt um viðskiptatækifæri, viðskiptamenntun og frumkvöðlastarf.

🌐 https://www..com/

***TeenBusiness*** er leiðandi frétta- og upplýsingagátt fyrir unga frumkvöðla, fjárfesta, uppfinningamenn, foreldra þeirra og kennara.

🌐 https://www.teenbusiness.com/

***Inventor Resource*** listar upp greinar um uppfinningaborðspil, vistvæn tæki, leikföng og hugmyndir.

🌐 http://www.inventorresource.co.uk

***Ted Talks 'by brilliant kids and teens'*** „Ted Talk" spilunarlisti yfir unga rannsakendur, tónlistarmenn, frumkvöðla og aðgerðarsinna – allt að 20 ára aldri.

🌐 https://www.ted.com/playlists/129/ted_under_20

***Vefsíða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins*** er netauðlind með upplýsingum um allan þann stuðning sem stendur frumkvöðlum almennt til boða í löndum Evrópusambandsins.

🌐 https://single-market-economy.ec.europa.eu/smes/supporting-entrepreneurship_en

***Vefsíða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins*** – *Erasmus fyrir unga frumkvöðla* og annað efni á netinu með upplýsingum um allan þann stuðning sem stendur ungum frumkvöðlunum í Evrópusambandinu til boða.

🌐 https://single-market-economy.ec.europa.eu/smes/supporting-entrepreneurship/erasmus-young-entrepreneurs_en

***Sameinuðuþjóðirnar (UN) –***
Félagsleg frumkvöðlastarfsemi ungs fólks og *Dagskrá 2030*

🌐 https://www.un.org/development/desa/youth/world-youth-report/wyr2020.html

***Sameinuðuþjóðirnar (UN) –***
*Könnun á frumkvöðlastarfsemi ungs fólks* í tengslum við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun.

🌐 https://sdgs.un.org/publications/exploring-youth-entrepreneurship-24572

***Sameinuðuþjóðirnar (UN) –***
*Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun.*

🌐 https://sdgs.un.org/goals

## ÍRLAND

***ERDF*** *– The European Regional Development Fund* Byggðaþróunarsjóður Evrópu.

🌐 The European Regional Development Fund (ERDF)

***Our Rural Future 2021-2025*** leggur fram áætlun írsku ríkisstjórnarinnar fyrir styrkingu og þróun dreifbýlis Írlands eftir COVID-19

🌐 Our Rural Future

***Project Ireland 2040*** hefur þróað og skipulagt nokkrar aðgerðir og stuðning innan núverandi skipulagsramma sem geta komið til móts við sjálfbæra þróun í fjalllendi í framtíðinni.

🌐 Project Ireland 2040

***RRDF*** *– Rural Regeneration and Development Fund 2019-2027* veitir fjármagn til þróunar og uppbyggingar verkefna í bæjum, þorpum og dreifbýli víðs vegar um Írland og tengist *Rural Future objectives and Program*.

🌐 The Rural Regeneration and Development Fund (RRDF)

***CLÁR*** *– Ceantair Laga Árd-Riachtanais* er fjárfestingaráætlun fyrir smærri innviðaverkefni í dreifbýli.

🌐 The Ceantair Laga Árd-Riachtanais, CLÁR,

***The National Hub Network*** tengir saman fjarvinnu- og fyrirtækjamiðstöðvar um allt land til að styðja við starfsmenn og fyrirtæki sem vinna í fjarvinnu.

🌐 National Hub Network

***RSESs*** *– Regional Spatial and Economic Strategies* veitir lögboðna langtímastefnumótun og efnahagsramma fyrir þróun NUTS 2 svæða. (Nutus 2 = basic regions for the application of regional policies).

🌐 https://emra.ie/rses/

***REPs*** *– Regional Enterprise Plans* leggur áherslu á að ráðast í samstarfsverkefni sem geta hjálpað til við að greina vöxt fyrirtækja og atvinnusköpun í hverju af níu svæðum á Írlandi.

🌐 Regional Enterprise Plans - DETE

***Town and Village Renewal Scheme*** *veitir* styrki til lítilla og meðalstórra verkefna sem munu aðstoða við uppbyggingu dreifbýlis og fjalllendis.

🌐 Town and Village Renewal Scheme

***The Outdoor Recreation Infrastructure Scheme*** styður við frekari uppbyggingu útivistargeirans með fjármagni til nýrra innviða, viðbygginga og viðgerða á slóðum, göngustígum, hjólastígum *Blueways* (*Blueways is a* network of trails running on and alongside Ireland's most idyllic lakes, canals and rivers*)* *o.s.frv.*

🌐 The Outdoor Recreation Infrastructure Scheme

***LEADER*** styður frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun lítilla og meðalstórra fyrirtækja í dreifbýli.

LEADER programme

***The Walks Scheme*** greiðir viðhaldsgjöld fyrirtækja og landeigenda á eignum þeirra sem eru hluti af „National Waymarked Ways".

The Walks Scheme

***The Outdoor Recreation Infrastructure Scheme*** veitir fjármagn til þróunar nýrra útivistarinnviða og nauðsynlegra viðgerða, endurbóta eða kynningar á núverandi útivistarmannvirkjum í sveitum víðs vegar um Írland.

gov.ie - Funding for Outdoor Recreation Facilities (www.gov.ie

***Connected Hubs Fund*** auðveldar fjarvinnu, leggur til skrifstofu- og viðskiptarými, leigu skrifborð o.fl.

Connected Hubs Fund

***Department of Rural and Community Development***, Viðbótar upplýsingar um fjármögnun í dreifbýli.

gov.ie - Rural Regeneration and Development fund (www.gov.ie)

## GRIKKLAND

***WOT*** **–** *Women on Top* eru samtök sem miða að valdeflingu kvenna og eflingu kynjajafnréttis í atvinnumálum.

https://womenontop.gr/to-women-on-top/

***Greek Association of Women Entrepreneurs*** eru frjáls félagasamtök (NGO) sem veita kvenfrumkvöðlum stuðning, handleiðslu, ráðgjöf.

https://www.sege.gr/en/

***WOMANitee*** er net miðstöðva sem helgaðar eru frumkvöðlastarfsemi kvenna í Grikklandi. Í hverju sveitarfélagi sem er þátttakandi í WOMANitee er staðbundin miðstöð sem styður konur með frumkvöðlastarfi með leiðbeiningum, kynningum, tengslamyndun og fjármögnun.

https://www.womanitee.gr/

***The People's Trust*** er sjálfseignarstofnun sem styður ungt fólk til að stofna eigin fyrirtæki. Þjónusta þeirra felur í sér ráðgjöf um viðskiptaþróun, markþjálfun, tengslanet, margs konar þjálfunaráætlanir, örfjármögnunarmöguleika.

https://www.thepeoplestrust.org/en

***Diinekis*** er ráðgjafafyrirtæki sem veitir margs konar fyrirtækjamiðaða þjónustu, þar á meðal ráðgjöf um viðskiptaáætlanir og þá fjármögnunarmöguleika sem eru í boði í Grikklandi (opinbera, evrópska o.s.frv.) Einnig er veitt ráðgjöf varðandi vefsíðuþróun og menntunar- og þjálfunaráætlanir stofnanna og fyrirtækja.

https://diinekis.gr/

***Vamvakou Incubator*** er viðskiptamiðstöð sem miðar að því að styðja ungt fólk til að hefja frumkvöðlaverkefni sem bregðast við staðbundnum þörfum Peloponnese-svæðisins, og ný sprota-fyrirtæki sem staðsett eru á fjallinu Parnonas. Atvinnugreinar sem styrktar eru, eru: landbúnaður, ferðaþjónusta, menning, tækni og nýsköpun.

https://www.vamvakourevival.org/en/vamvakou-incubator/

***Impact Hub Athens*** er hluti af alþjóðlegu neti félagslegra sérfræðinga sem sérhæfa sig í frumgerð framtíðar viðskipta. Það veitir almennan stuðning og miðar að því að efla, virkja og hraða frumkvöðlastarfi og félagslegri nýsköpun.

https://athens.impacthub.net/?lang=en

***iED*** *– Institute of Entrepreneurship Development* er grísk sjálfseignarstofnun sem hefur skuldbundið sig til að efla nýsköpun og efla frumkvöðlaandann.

https://ied.eu/

***Ministry of Development and Investment – Operational Programmes.*** Opinber vefsíða grísku ríkisstjórnarinnar varðandi alla fjármögnun sem fáanleg er innan ramma aðgerðaáætlana samkvæmt samstarfssamningunum 2014-2020 og 2021-2027, fyrir öll svæði Grikklands og allar gerðir fjármögnunargeira.

https://www.espa.gr/en

***National Employment Service***
Opinber þjónusta sem veitir ungu fólki stuðning, ráðgjöf, upplýsingaefni um innlendar og evrópskar áætlanir í því skyni að finna starf, stofna fyrirtæki, hafa aðgang að fjármagni og atvinnuleysisbótum, finna námsbrautir o.s.frv. Beinist aðallega að atvinnulausum og viðkvæmum þjóðfélagshópum.

https://www.dypa.gov.gr/

***AIESEC Greece***
Stefnir að því að efla leiðtogahæfileika ungs fólks með þvermenningarlegum samskiptum sem eru annað hvort í formi sjálfboðavinnu, eða starfsnáms. “Innovate Greece" er hluti af AIESEC og einbeitir sér að sprotafyrirtækjum sem vilja þróa nýsköpun og kemur ungu fólki m.a. í samband við starfandi fyrirtæki.

https://aiesec.gr

***Neaniki Epixirimatikotita – (Youth Entrepreneurship)*** er frumkvöðlafélag sem miðar að því að efla tengslanet frumkvöðla, bjóða upp á námskeið, þjálfunaráætlanir, að deila þekkingu, skapa tengsl við rótgróin fyrirtæki í Grikklandi og utan þess, valdeflingu ungs fólks sem stofnar fyrirtæki, kynningu á nýsköpunaráætlunum o.s.frv.

https://el-gr.facebook.com/neaniki.epixirimatikotita/

*Inter Connection Office at Universities*

Sérstakar skrifstofur innan margra háskóla vinna að því að tengja nemendur sína við tiltæk atvinnutækifæri og veita stuðning, ráðgjöf og upplýsingar varðandi t.d. áætlanir, fjármögnun, tækifæri, verkfæri o.fl., auk þess að hjálpa unga fólkinu að byggja upp tengslanet.

Slíkar skrifstofur má m.a. finna í eftirfarandi stofnunum:

*Tækniháskólinn í Aþenu.*
*Aristóteles háskólinn í Þessalóníku.*
*Háskólinn í Aþenu.*
*Háskólinn í Makedóníu.*

http://career.ntua.gr/

https://career.auth.gr/the-cso/

https://www.career.uoa.gr/

https://www.uom.gr/career-office

## ÍSLAND

***RANNIS** – Rannsóknamiðstöð Íslands* styrkir rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu á Íslandi.

https://www.rannis.is/

***Nýskapandi***: Stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki á fyrstu stigum varðandi t.d. viðskipta- og rekstraráætlanir.

https://www.nmi.is/is/frumkvodlar/vidskipta-og-rekstraraaetlanir

***Nýskapandi***: Upplýsingar og verkfæri til að einfalda ferlið frá hugmynd til viðskipta fyrir frumkvöðla á öllum stigum viðskiptaþróunar

Frumkvöðlar og fyrirtæki á fyrstu stigum | Nýskapandi (nmi.is)

***Tæknisetur*** er fyrirtæki sem veitir stuðning við hátækni frumkvöðla með aðgangi að sérfræðingum og tæknilegum innviðum.

https://www.taeknisetur.is/

***KLAK Icelandic Startups*** styður við samfélag frumkvöðla m.a. með því að halda vinnusmiðjur og viðskiptahraða. KLAK veitir stuðning frá fyrstu skrefum og undirbýr fyrirtæki fyrir alþjóðlegan vöxt og fjármögnun. KLAK heldur frumkvöðlakeppnina ***Gulleggið.***

https://www.klak.is

https://www.gulleggid.is

***Framkvæmdasjóður ferðamannastaða*** fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila.

https://island.is/framkvaemdasjodur-ferdamannastada

***Lóa** – Nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina* er sjóður sem styður við eflingu byggða og landshluta með stuðningi við nýskapandi verkefni.

https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/nyskopun/loa-nyskopunarstyrkir-fyrir-landsbyggdina/

***SASS – Samtök Sunnlenskra Sveitarfélaga*** bjóða upp á ráðgjafaþjónustu á sviði fyrirtækjaþróunar, nýsköpunar og menningarstarfs. Hver landshluti býður slíka þjónustu til handa sínum íbúum.

🌐 www.sass.is/radgjof

***Uppbyggingarsjóð Suðurlands*** veitir verkefnastyrki á sviði nýsköpunar, menningar og atvinnuþróunar á Suðurlandi.

🌐 www.sass.is/uppbyggingarsjodur

***Atvinnu- og rannsóknarsjóður*** *Sveitarfélagsins Hornafjarðar* styrkir verkefni tengd atvinnuþróun, rannsóknir og nýsköpun

🌐 Reglur-fyrir-atvinnu--og-rannsoknarsjod.pdf (hornafjordur.is)

**Vöruhúsið** er miðstöð skapandi greina og þverfaglegs samstarfs á sviði nýsköpunar og ***Fab Lab smiðja***. Þar er veitt margvísleg aðstoð.

🌐 https://voruhushofn.is/voruhusid-sem-list-og-verkgreinahus/

🌐 Forsíða - Fab Lab Ísland

## ÍTALÍA

***University in Foggia*** fylgist með nokkrum verkefnum sem tengjast virkri atvinnustefnu á svæðinu og hefur stöðug samskipti við ungt fólk sem er í þjálfunar- og námsfasa.

🌐 https://www.unifg.it/en

***Counselling centre for young people on business creation Meridaunia*** er tæki sem er í tengslum við verkefnið *LAG Meridaunia* og er aðgengilegt ungu fólki. Markmiðið er veita upplýsingar, innsýn og aðstoð varðandi öll þau tækifæri og hvatatæki sem nú bjóðast með fjárhagslegum stuðningi.

🌐 http://www.meridaunia.it

***Foggia Chamber of Commerce Sportello Fare Impresa* (Business Development Desk)** er svæðisbundin stofnun sem starfar á efnahagssviði umdæmisins og er ætlað að mæta þörfum verðandi frumkvöðla og veita þeim þjálfun. Stofnunin aðstoðar við aðgengi að opinberum sjóðum og við stofnun fyrirtækja.

🌐 http://fg.camcom.gov.it/

***Talenthouse*** er hugmyndafræðilegt samvinnurými: til að skilgreina og innleiða ný verkefni með aðferðafræði kortlagningar og færnimats, þekkingar og getu á viðkomandi svæði.

🌐 https://www.talenthouse.com/about

Þú getur lesið meira um samstarfsaðila verkefnisins á vefsíðu PEAK: https://www.peakentrepreneurs.eu

# SAMSTARFSAÐILAR VERKEFNISINS

UHI University of the Highlands and Islands Oilthigh na Gàidhealtachd agus nan Eilean

GAL Meridaunia Agenzia di Sviluppo dei Monti Dauni

NATIONAL TECHNICAL UNIVERSITY OF ATHENS

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu FAS

momentum [educate + innovate]

canice consulting